

**Rit heilbrigðis- og
tryggingamálaráðuneytisins
1/1991**

**LEIÐBEININGAR
UM SJÚKRAFLUTNINGA OG UM
TÆKI OG BÚNAÐ TIL SJÚKRAFLUTNINGA**



Febrúar 1991

EFNISYFIRLIT

Bls.

Formáli heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra	2
Formáli Sjúkraflutningaráðs	3
1. Leiðbeiningar um tæki og búnað til sjúkraflutninga	7
1.1. Inngangur	7
1.2. Bifreið: Almenn ákvæði, hleðsluþol, öryggi í ökurými, litur og merking, ljósabúnaður og hljóðmerki, búnaður ökurýmis, björgunar- áhöld og verkfæri	9
1.3. Sjúkrarými: Stærð sjúkrarýmis, dyr og hurðir, gluggar og rúður, innréttning, lysing, raflagnir, loftræsting og hiti, sjúkrabörur og festingar, fastur og laus sjúkrabúnaður, aukabúnaður	11
2. Almennar reglur um sjúkraflutninga	17
2.1. Skipulag sjúkraflutninga	17
2.2. Aðstaða sjúkraflutningamanna og geymsla sjúkrabifreiða	19
2.3. Hlífðarfatnaður	20
2.4. Eyðublöð fyrir sjúkraflutninga	21
2.5. Samningar um sjúkraflutninga	22
Viðauki 1	23
Viðauki 2	25

FORMÁLI HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐHERRA.

Hinn 18. nóvember 1986 var sett reglugerð um sjúkraflutninga (nr. 503).

Samkvæmt reglugerðinni var sett á laggirnar sérstakt Sjúkraflutningaráð, skipað 3 mönnum, einum tilnefndum af Rauða Krossi Íslands, einum tilnefndum af Landssambandi sjúkraflutningamanna og formanni, sérfróðum lækni, tilnefndum af landlækni.

Sjúkraflutningaráð skal vera ráðgefandi um allt er varðar sjúkraflutninga á landinu og gera tillögur til ráðherra um flutningatæki og búnað þeirra.

Hinn 11. september 1989 sendi embætti landlæknis heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu tillögur Sjúkraflutningaráðs um tæki og búnað til sjúkraflutninga. Ákveðið var að ræða tillögurnar á héraðslæknafundi, sem haldinn var í nóvember sama ár. Tillögurnar fengu þar nokkra umræðu og síðan ítarlega umfjöllun í ráðuneytinu.

Ákveðið hefur verið að tillögur Sjúkraflutningaráðs verði birtar sem leiðbeiningar um gerð og búnað tækja til sjúkraflutninga.

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Guðrún Þórsson". The signature is fluid and cursive, with a large, stylized initial 'G' and 'T'.

FORMÁLI SJÚKRAFLUTNINGARÁÐS.

Í formála að skýrslu um sjúkraflutninga á Íslandi í janúar 1982 (1) segir að ekkert heildarkerfi sé til um sjúkraflutninga og rekstur þeirra. Sjúkrabifreiðar séu fæstar búnar við hæfi og rekstrarform sjúkraflutninga séu jafn mörg og byggðarlögin. Ennfremur segir að menntun sjúkraflutningamanna sé mjög ábótavant. Afleiðingin af þessu öllu sé sú að þótt við búum við meiri bifreiðakost og höfum tiltölulega fleiri sjúkraflutningamenn sé árangur, t.d. endurlífgunar, lakari en víða erlendis.

Því má bæta hér við að enginn einn aðili né einu sinni ráðuneyti virðist hafa verið ábyrgt fyrir sjúkraflutningum á þessum tíma og að ekki voru heldur til nein ákvæði í lögum um heilbrigðisþjónustu varðandi sjúkraflutninga.

Í skýrslunni kemur fram að skipulagðir sjúkraflutningar voru samtals á 37 stöðum á landinu. Tala bifreiða var 54 en tegundirnar níu. Engar reglur voru til um búnað þeirra. Skráðir eigendur voru 8 en rekstraraðilar 9. Starfslið bifreiðanna kom frá sömu 9 aðilum. RKÍ-deildir áttu 29 bifreiðar en ráku aðeins 20 þeirra. Aðrir aðilar sem ráku bifreiðar voru:

Slysavarnadeildir/björgunarsveitir	(3)
Lögregla	(10)
Sýslur	(1)
Sveitarstjórnir	(3)
Sjúkrahús	(6)
Heilsugæsla	(7)
Brunavarnir	(1)
Sameignarfélög	(3)

Fjöldi sjúkraflutningamanna var 250. Menntun þeirra í starfið byggðist á skyndihjálparnámskeiðum eða öðrum sambærilegum námskeiðum en frá og með 1979 á námskeiðum Borgarspítalans og RKÍ.

Telja má víst að ekki hafi orðið nein teljandi breyting á þessu fyrirkomulagi síðan skýrslan var gerð. Hinsvegar hefur búnaður bifreiða vafalaust batnað við komu nýrra bifreiða til landsins og nú hafa tæplega 250 sjúkraflutningamenn

af öllu landinu sótt áðurnefnd námskeið BSP og RKÍ eða svipuð námskeið en alltaf er um nokkra endurnýjun að ræða í starfinu. Frekari menntun er talin nauðsynleg á framhaldsskólastigi og er unnið að því.

Á þessu tímabili hefur hins vegar orðið mikil breyting á þessum málum í nágrannalöndum vorum (2).

Af því sem hér hefur komið fram má sjá að fyrir löngu var orðið tímabært að setja lög og reglugerðir um sjúkraflutninga hér á landi og verður nú vikið að því.

Árið 1983 voru með breytingum á lögum um heilbrigðispjónustu í fyrsta skipti sett lög um sjúkraflutninga þannig að þeir voru nú taldir til þeirra þjónustu sem heilsugæslustöðvar skyldu veita. Þar með heyrðu sjúkraflutningar undir yfirstjórn heilbrigðismála og sjúkraflutningamenn töldust heilbrigðisstétt. Einnig má benda á lög frá 1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstéttu (3,4).

Í framhaldi af þessu voru í nóvember 1986 settar tvær reglugerðir (5, 6). Fjallaði önnur þeirra um sjúkraflutninga en hin um menntun, réttindi og skyldur sjúkraflutningamanna. Stofnað var Sjúkraflutningaráð er skyldi starfa á vegum landlæknis.

Eitt af verkefnum Sjúkraflutningaráðs var að semja leiðbeiningar um sjúkraflutningatæki og búnað þeirra og fara þeir hér á eftir ásamt reglum um sjúkraflutninga almennt. Í megin atriðum er hér aðeins um að ræða staðfestingu á því sem fyrir er eða þegar er farið að vinna að en það er bundið í fastara form og reynt að sníða af mestu vankantana og þannig reynt að líkja eftir því sem gerist í nágrannalöndum vorum þar sem þessi mál hafa náð að þróast á eðlilegan hátt.

Að sjálfsögðu gerum við okkur ljóst að gera verður ráð fyrir nokkrum aðlögunartíma í þessum efnum, en þó því aðeins að sá tími verði notaður vel til að bæta úr því sem miður fer.

Leiðbeiningar og reglur eru í nokkrum liðum.

Í upphafi er fjallað um sjúkrabifreiðar og búnað þeirra. Þar er haft til hliðsjónar að allar bifreiðar geti sinnt sjúkraflutningum svo vel sé og án sérstaks fyrirvara og séu þess vegna með þann búnað sem til þarf hverju sinni.

Auk þessa fasta búnaðar í bifreiðinni sjálfri er gert ráð fyrir lausum búnaði, þ.e. í töskum, sem hægt er að taka með í sérstökum tilvikum, t.d. er vinna þarf utan bifreiðar á slysstað eða í heimahúsi (neyðartaska), framkvæma vissar minniháttar aðgerðir (sárataska) eða gefa lyf (lyfjataska).

Þar sem fjallað er um sjúkrarými er haft í huga að vel fari um sjúklinginn, að vinnuaðstaða sé góð og að nægjanlegt pláss sé fyrir nauðsynlegan búnað.

Síðan er rætt um skipulag sjúkraflutninga og á það lögð áhersla að þótt heilsugæslustöðvar beri tvímælalaust ábyrgð á sjúkraflutningum, hver á sínu svæði, sé þeim frjálst að semja við aðra aðila um framkvæmd þeirra þannig að komið verði við nokkurri hagræðingu. Tekið er fram að viðkomandi samningar skuli uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í leiðbeiningum Sjúkraflutningaráðs og vera háðir samþykki þess og heilbrigðisráðherra. Talin eru upp nokkur dæmi um atriði sem taka þarf tillit til í þessum samningum.

Þá ber og í þessu sambandi sérstaklega að minna á ákvæði í lögum frá 1983 og 1985 (3, 4) um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstéttar svo og að samkvæmt reglugerð (6) hefur sá einn rétt til að starfa sem sjúkraflutningamaður hér á landi sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra en slíkt leyfi má aðeins veita þeim sem hefur þá menntun á sviði sjúkraflutninga sem heilbrigðismálaráðuneytið metur gilda.

Þá eru kaflar sem fjalla um ýmiskonar aðstöðu og búnað, s.s. geymslu sjúkrabifreiða, fatnað sjúkraflutningamanna og eyðublöð fyrir sjúkraflutninga.

Það er von okkar að þessum leiðbeiningum og þessum reglum verði vel tekið. Við erum þess meðvitandi að þeirra hefur verið beðið lengi og að þörfin fyrir þau er brýn.

Reykjavík desember 1988.

Sjúkraflutningaráð:

Formaður: Kristinn Guðmundsson, yfirlæknir, Reykjavík.

Gjaldkeri: Árman Pétursson, varðstjóri, Reykjavík.

Ritari: Þórir Sigurbjörnsson, kennari, Neskaupstað.

Heimildir:

1. Eggert Ásgeirsson. Sjúkraflutningar.
Heilbrigðisskýrslur. Fylgirit 1982 nr. 1.
Formáli: Ólafur Ólafsson, landlæknir.
2. Helle Kastholm Hansen. Dansk afvisning skaber forundring paa nordisk plan.
Sygeplejersken 68-87. Viðtal við Bosse Rehnberg.
3. Grein 34.5 í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983.
4. Grein 2 í lögum um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstéttu nr. 59/1985.
5. Reglugerð um sjúkraflutninga nr. 503, 18. nóv. 1986.
6. Reglugerð um menntun, réttindi og skyldur sjúkra- flutningamanna nr. 504, 18. nóv. 1986.

1. LEIÐBEININGAR UM TÆKI OG BÚNAÐ TIL SJÚKRAFLUTNINGA.

1.1. INNGANGUR.

Unnt er að flokka tæki til sjúkraflutninga á eftirfarandi hátt.

1.1.1. Neyðarbifreið.

Dæmi um svona bifreið má finna í bifreið sem þegar gengur undir þessu nafni og hefur gert í nokkur ár. Hún er staðsett við Borgarspítalann á daginn en á slökkvistöðinni á öðrum tínum.

Í bifreiðinni eru sjúkraflutningamenn og læknir. Verkefni hennar er að sinna bráðaveikum og slösuðum. Hún er að sömu stærð og gerð og margar aðrar frekar stórar sjúkrabifreiðar hér á landi eins og vikið verður að hér á eftir. Hún er einnig að mestu leiti með svipaðan búnað að viðbættum hjartarita og hjartastilli (Defibrillator). Lagt er til að þessu verði haldið óbreyttu.

Auk þess búnaðar sem þegar hefur verið nefndur er æskilegt að slíkri bifreið fylgi eftirfarandi búnaður sem hægt sé að taka með fyrirvaralaust ef þörf krefur eða senda á eftir bifreiðinni.

Tæki til bláæðar- og barkaskurðar.

Bráðafilmunartæki.

Tæki til ástungu á brjóst- eða kviðarholi.

.

1.1.2. Sjúkrabifreið.

Þessi bifreið er ætluð til meðferðar og flutnings á skyndilega veiku eða slösuðu fólkj sem öðrum sjúklingum. Ekki er reiknað með að bráðaflutningar séu mjög algengir né að föst læknavakt sé til staðar á bifreiðinni.

Í þessari bifreið er góð vinnuaðstaða bæði hvað snertir pláss og búnað og því hægt að gefa fárveikum og slösuðum sjúklingum strax alla nauðsynlegustu meðferð og halda henni áfram meðan á flutningi stendur. Má þar nefna öndunarhjálp ýmisskonar og hjartahnoð, stöðvun blæðingar og vökva- og lyfjagjöf svo og fæðingarhjálp.

1.1.3. Sjúkraflutningabifreið.

Bifreiðar sem þessar eru af svipaðri stærð eða minni en þær bifreiðar sem hér hafa verið nefndar áður og e.t.v. ekki eins sterkbyggðar en þurfa að uppfylla vissar lágmarkskröfur um stærð og búnað. Nokkuð er til af bifreiðum hér á landi sem þetta gæti átt við.

Svona bifreið er hentugust til almennra sjúkraflutninga þar sem aðeins þarf að veita sjúklingi aðhlynningu en ekki meðferð að ráði. Þar sem mikið er um bráðaflutninga eða þar sem þetta er eina bifreiðin á staðnum gæti þó hent að grípa þyrfti til hennar til slíks flutnings. Bifreiðin er hins vegar óhentug til slíkra hluta vegna ófullnægjandi starfsaðstöðu og takmarkaðs búnaðar.

Við kaup á slíkum bifreiðum er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir þessum annmörkum. Velta þarf fyrir sér hvort veikinda- og slysatíðni gefi tilefni til kaupa á stærri bifreið og hvort unnt sé þá að manna slíka bifreið svo vel sé eða hvort sjúkraflutningabifreið eins og hér hefur verið lýst mundi duga. Þetta þarf að íhuga hvort sem í viðkomandi bæjarfélagi eru staðsettar ein eða fleiri bifreiðar.

Nauðsynlegur búnaður er sjúkrabörur og fastur sjúkrabúnaður sbr. kafla 1.3.9. og 1.3.10. hér á eftir að frádregnum skrögum, barkaljósi og barkarennum.

Á öllum sjúkraflutningastöðvum/heilsugæslustöðvum skal vera a.m.k. eitt sett af töskum, þ.e. lyfjataska, neyðartaska og sárataska. Ekki eru gerðar kröfur um fleiri sett á hverjum stað eða sérstöku setti fyrir hverja bifreið nema þar sem ástæða er til að ætla að slíkt sé nauðsynlegt.

1.1.4. Aðrar sjúkrabifreiðar.

Í fjórða lagi er um að ræða bifreiðar af margvíslegum toga og sem ætlaðar eru til margvíslegra verkefna. Má þar nefna sjúkrabifreiðar með mjög afmarkað starfssvið eins og flutning margra sjúklinga eftir fjöldaslys (ekki til hér) eða vatnskælingu á sjúklingum eftir bruna, en um það höfum við eitt dæmi frá ÍSAL, Straumsvík. Einnig jeppabifreiðar ætlaðar til notkunar í fjalllendi eða ófærð. Þrjár slíkar bifreiðar munu vera til hér á landi.

1.1.5. Hjálparbifreiðar.

Að lokum má e.t.v. nefna ýmsar hjálparbifreiðar eins og björgunarbifreiðar með hjálpartækjum, þ.e. tækjabifreiðar, blóðsöfnunar bifreiðar og bifreiðar ætlaðar til flutnings fatlaðra en um allar þessar bifreiðar eru til dæmi hér lendis. Þessar hafa ekki verið taldar til sjúkrabifreiða.

1.2. BIFREIÐ.

1.2.1. Almenn ákvæði.

Sjúkrabifreið skal vera örugg og þægileg í akstri, stöðug í beygjum og leggja vel á. Fjöldrun skal vera mjúk og örugg við hinum ólíkustu aðstæður. Koma skal í veg fyrir hávaða svo sem skrölt frá hurðum, sjúkrabörum o.fl. eins og kostur er.

Sjúkrabifreið skal byggð úr eldtraustum efnum að svo miklu leyti sem hægt er.

Sjúkrabifreiðar skulu viðurkenndar af Sjúkraflutningaráði áður en notkun þeirra hefst.

Ef um nýja tegund sjúkrabifreiða er að ræða skal leita álits Sjúkraflutningaráðs áður en bifreiðin er keypt og flutt til landsins.

1.2.2. Hleðsluþol.

Miða skal við minnst 370 kg. hleðsluþol fyrir utan innréttigar og tækjabúnað, og er þá átt við bifreið sem getur tekið fjóra farþega auk ökumanns, þar af einn eða tvo sjúklinga á börum.

1.2.3. Öryggi í ökurými.

Öryggi þeirra sem í ökurými sitja skal vera tryggt eins og kostur er með tilliti til umferðaráhappa og styrking jafnan af fullkomnustu gerð.

1.2.4. Litr og merking.

Litr bifreiðar skal vera hvítur með rauðri rönd fyrir neðan glugga og hún greinilega merkt þeim sem sjúkraflutningana annast svo og orðinu sjúkrabifreið.

1.2.5. Ljósabúnaður og hljóðmerki.

Bifreiðin skal vera búin nauðsynlegum ljósabúnaði, þar með talið stillanlegum ljóskösturum og blikkandi ljósum á þaki eða hlið með lit og leifturtíðni samkvæmt reglugerð.

Auk þess skal bifreiðin búin gjallarhorni (sírenu).

1.2.6. Búnaður ökurýmis.

- Sæti skulu vera af vandaðri gerð, vel fest og stillanleg með hnakkapúða og öryggisbelti.
- Höfuðrofi sem ökumaður nær auðveldlega til.
- Stjórnabúnaður ljós- og hljóðmerkja.
- Kortaljós, farþega megin.
- Talstöð og/eða farsími.
- Útvarp.
- Alhliða slökkvitæki.
- Bílbeltahnífur.
- Baksýnisspegill.
- Hliðarspeglar skulu vera báðum megin utan á bifreiðinni.
- Öryggjabox skal staðsett þannig að auðvelt sé að skipta um öryggi.
- Vegakort.

1.2.7. Björgunaráhöld og verkfæri.

- kúbein – hamar – atgeir – skófla – handlukt.
- slaghamar- meitill úr fjaðarastáli – skiptilykill.
- skrúfjárn (venjulegt og stjörnu) – járnsög.
- járnsagarblöð – beltahnífur – rafgeymatöng.
- krafttöng – rafmagnstöng (bíttröng).
- laus ljóskastari með 15 m snúru (rafm.bíls).
- mannbroddar – líflína – 2 öryggishjálmar – tvennir hanskar – hlífðarföt gegn regni og vindu.

- aðvörunarljós (blikkandi færarlegt ljós (gult)).
- aðvörunarþíhyrningur – hnífur – trékubbar.
- dráttartaug – endurskinsvesti – startkaplar – keðjur.

1.3. SJÚKRARÝMI.

1.3.1. Stærð sjúkrarýmis.

Í sjúkrabifreið skal vera mögulegt að framkvæma eftirfarandi:

- Halda öndunarvegi opnum, gefa súrefni, viðhalda öndun, gefa hjartahnoð.
- Stöðva útvortis blæðingu, setja upp vökva í æð.
- Hagræða og hlúa að slösuðum eða sjúkum.
- Annast fæðingarhjálp.

1.3.2. Miðað skal við þessi mál.

MERK-

INGAR:	HVAÐ MÆLT:	HVAR MÆLT:	MÁL cm.:
A	Lengd	15 cm. ofan við pall	265
B	Breidd rýmis fyrir börur	15 cm. ofan við pall og/eða gólf	140
C	Lengd rýmis fyrir aðstoðarmann	15 cm. ofan við pall og/eða gólf	60
D	Hæð milli börupalls og baks		155
E	Hæð milli gólfss og þaks í rými milli sjúkrabara og millibils	Lágmarkshæð í öllum tilvikum	155
F	Hæð dyraops að aftan	Minnsta mál	115
G	Hæð frá efri brún dýnu til þaks		85
H	Hæð frá efri brún dýnu til efri brúnar dyraops aftan		80
I	Hæð frá vegi upp á börupall	Mesta mál	75
J	Hæð frá vegi undir lægsta punkt	Fullhlaðinn	18

Þrátt fyrir þessi ákvæði skal hver bifreið metin sjálfstætt og þá jafnframt tekið mið af öðrum atriðum.

1.3.3. Dyr og hurðir.

Dyr skulu vera aftast á sjúkrarými þar sem sjúkrabörum er komið inn. Hurð (hurðir, hleri) að aftan skal opnast minnst 120 gráður og vera opnanleg bæði að utan og innan á auðveldan og öruggan hátt. Hurðir mega ekki skyggja á afturljós bifreiðar í opinni stöðu nema í staðinn komi blikkandi ljós á innanverðum hurðunum.

Hliðardyr hægra megin á sjúkrarými að framan skulu vera þannig að hægt sé að koma sjúklingi út um þær.

Þegar dyr sjúkrabifreiðar eru lokaðar skulu hurðir falla svo vel að að eigi sé hætta á að loft frá útblásturskerfi bifreiðar eða önnur utanaðkomandi efni leiti inn í hana.

1.3.4. Gluggar og rúður.

Minnst tveir gluggar skulu vera á sjúkrarými. Í þeim skal vera öryggisgler af viðurkenndri gerð sem og öðrum gluggum bifreiðarinnar. Gler í sjúkrarými skal vera ógagnsætt að 3/4, nema gler á þili milli sjúkra- og ökurýmis.

1.3.5. Innréttning.

Sjúkrabifreið skal vera byggð og innréttuð þannig að sjúkir og slasaðir njóti öryggis og þæginda meðan á flutningi stendur.

Skilveggur skal vera á milli sjúkra- og ökurýmis og skal vera á honum hurð eða gluggi og rennihurðir í glugga.

Tækjabúnaði skal komið þannig fyrir að auðvelt sé að ná til hans og rými nægjanlegt fyrir aðstoðarmann til að veita sjúklingi þá hjálp og aðhlynningu sem þörf er fyrir hverju sinni.

Innréttting skal rúma haganlega þann búnað sem sjúkrarými skal búið og skápláss vera nægilegt. Traustar festingar skulu vera fyrir lausabúnað og hengi fyrir vökvaflöskur.

Í sjúkrarými skulu vera fastir stólar með hnakkapúðum og öryggisbeltum fyrir aðstoðarmenn og höldur á veggjum og lofti.

Sjúkrarými skal vera varma- og hljóðeinangrað.

Einangrun og innréttung skal byggð úr eldtraustum eftum að svo miklu leyti sem hægt er.

Í sjúkrarými skulu ríkja ljósir og mattir litir. Gólf skal vera dúkklaett og dúkurinn heilsoðinn.

Þar sem mest mæðir á skulu vera hlífðarplötur. Loft skal vera klætt og einangrað.

Öll horn á innréttingu skulu vera rúnnuð.

1.3.6. Lýsing.

Sjúkrarými skal vera vel upplýst og jafnframt mögulegt að stjórna magni lýsingar.

1.3.7. Raflagnir.

Innstungur og rofar skulu vera fyrir nauðsynleg tæki svo sem rafmagnssog, öndunarvél, hitakassa og hjartastuðtæki.

1.3.8. Loftræsting og hiti.

Upphitun skal vera sjálfstæð og stjórnast af sjálfvirkum hitastilli. Loftræstibúnaður skal geta haldið við þægilegu andrúmslofti.

1.3.9. Sjúkrabörur og festingar.

Í sjúkrarými skal miða við að sé pláss og viðurkenndar festingar fyrir tvenna sjúkrabörur.

Aðalbörur svo og aukabörur skulu vera úr léttu og traustu efni (t.d. áli). Aukabörur skal vera hægt að leggja saman.

Horn skulu vera rúnnuð. Höldum skal vera hægt að koma innfyrir ytri brún á börum.

Höfðalag og fótenda sjúkrabara skal vera hægt að hækka.

Sjúkrabörum fylgi sá búnaður sem nauðsynlegur þykir svo þær megi nýtast á sem bestan hátt (dýna, koddi, teppi, belti, festingar o.fl.).

Æskilegast er að dýnur í sjúkrabörum hafi handföng svo hægt sé að nota þær sem neyðarbörur.

1.3.10. Fastur sjúkrabúnaður.

I.

1. Súrkútar með 3/4" krana, axlir skulu vera hvítar.
2. Súrefnistæki með tilheyrandi búnaði.
3. Sog með tilheyrandi búnaði.
4. Skröpur (Scoop börur).
5. Spelkur af mismunandi stærðum.
6. Hálskragar af mismunandi stærðum og hálsspelkur.
7. Sandpúðar til stuðnings.
8. Teppi (bæði bómullar- og ullarteppi, tvö af hvoru).
9. Hjartahnoðsfleki og/eða stutt bakfjöl.
10. Bekja (bekken).
11. Þvagflaska.
12. Nýrnabakkar.
13. Hlífðarfatnaður.
14. Einnota hanskar og sóttvarnargrímur.
15. Plastpokar (ýmsar stærðir).
16. Sótthreinsuð dúkalök og bleyjur.
17. Bréfþurrkur (tissue).
18. Ál og brunateppi.
19. Fæðingarböggull.

II.

1. Blástursbelgur og maskar fyrir börn og fullorðna.
2. Kok- og nefrennur fyrir börn og fullorðna, vasamaski, pennaljós og tunguspaðar.
3. Blóðþrýstingsmælir og manséttur af mismunandi stærðum.
4. Barkaljós fyrir börn og fullorðna ásamt barkaslöngum af mismunandi stærðum, leiðara og tilheyrandi (sprauta og æðatöng). Tengi á barkaslöngur skulu vera 15 mm að utanmáli. Súrefnistæki skulu taka mið af því.

5. Hlustunarpípa.
6. Magilltöng.
7. Stór skæri.
8. Þríhyrnur tvö stk.
9. Öryggisnælur.
10. Sárabögglar og bindi, plástrar og grisjur.
11. Vökvasett (blóðsett), beisli, sprautur, nálar og snarvöndull (stasi).

1.3.11. Laus sjúkrabúnaður

A. Lyfjataska.

LYFJATASKA í umsjón viðkomandi læknis ásamt vökvum til að gefa í æð. Nálar, sprautur og beisli fyrir vökva. Vökvasett (blóðsett). Plástrar o.s.frv. og listi yfir innihald.

Upplýsingar um nauðsynleg lyf má fá á skrifstofu landlæknis.

B. Neyðartaska.

NEYÐARTASKA með nauðsynlegum áhöldum til að leggja inn barkaslöngu og sjúga úr vitum sjúklings og gefa vökva í æð. Einnig maskar, barka- og nefrennur, belgur og súrefniskútur. Blóðþrýsingasmælir, manséttur fyrir börn og fullorðna. Hlustunarpípa, vasamaski, pennaljós, tunguspaðar og magilltöng, sprautur og nálar (misgrófar nálar, plastnálar), vökvasett (blóðsett), beisli og snarvöndull (stasi).

Neyðartaska er einkum ætluð til notkunar utan sjúkrabíls.

C. Sárataska.

1. Sárabögglar, bindi, plástrar, grisjur, þríhyrnur, öryggisnælur og bindi (teygjubindi og krepbindi).
2. Augnskolumarglas og vöki.
3. Skæri.
4. Flísatöng.
5. Verkjatöflur (magnyl, panodil).
6. Tunguspaðar.
7. Sáranklútar (savett).
8. Hreinsuð bómull.
9. Fingurhlíf og grisja.
10. Hitamælir.
11. Sprautur og nálar (misgrófar nálar, plastnálar), vökvasett (blóðsett) og beisli.

12. Þvagleggir af ýmsum stærðum.
13. Magaslöngur.
14. Snarvöndull (Stasi).
15. Skrifblokk og penni.
16. Hanskar, einnota og sótthreinsaðir. Sóttvarnargrímur (maskar).
17. Vaselín-grisjur, sótthreinsaðar 10x10 cm (á brunasár).
18. Neftróð (sótthreinsuð grisja 1/2 cm x 1 m).
19. Ætisglös fyrir blóðræktun og glös fyrir x-próf.
20. Bómullarpinnar fyrir ræktanir.
21. Sótthreinsaður naglabursti (til að hreinsa sár).
22. Nafla-klemma, (ekki til notkunar í sambandi við fæðingar).
23. Merkimiðar frá Almannavörnum (hópslysaspjöld).
24. Tússpennar, vatnsþolinir.
25. Xylocain-gel til deyfingar í sambandi við þvagleggi og magaslöngur.
26. Æðatengur x 3, sótthreinsaðar.
27. Nefspeculum (til að glenna sundur nasir).
28. Nefpincetta (til að koma fyrir neftróði).
29. Skæri og pincetta, sótthreinsuð.
30. Sótthreinsuð dúkalök og bleyjur.
31. Listi yfir innihald og reglur um umgengni.

Sá sem síðast notaði sáratöskuna ber ábyrgð á að bæta við í stað þess sem var notað.

1.3.12. Aukabúnaður.

1. Lofttæmibörur.
2. Skel (snjóþota).
3. Langar tréborur.

Töskum og aukabúnaði sem talað er um í staðli þessum er ætlað að vera til staðar á heilsugæslustöð eða þar sem sjúkrabifreið er geymd, en ekki endilega í bifreiðinni, eða á flugvelli þaðan sem sjúkraflug er flogið.

Um annan og fullkomnari búnað (t.d. defibrillator) skal leita álits Sjúkraflutningaráðs.

Súrefniskútar og sog ásamt tilheyrandi búnaði í bíla og flugvélar skal allur hafa samskonar tengingar. Sama gildir um búnað í neyðartöskum.

2. ALMENNAR REGLUR UM SJÚKRAFLUTNINGA.

2.1. SKIPULAG SJÚKRAFLUTNINGA.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu frá 1983 eru sjúkraflutningar taldir til þeirra þjónustu sem heilsugæslustöðvar skulu veita.

Í greinargerð með reglugerð um sjúkraflutninga þann 20.04.86 segir að gengið sé út frá því að viðkomandi heilsugæslustöðvar séu ábyrgar fyrir skipulagi og framkvæmd sjúkraflutninga á sínu starfssvæði hvort sem um er að ræða flutninga innan svæðis eða til annarra svæða. Sjúkraflutningaráð er sama sinnis.

Landinu er sem kunnugt er skipt í átta læknishéruð. Hverju um sig er skipt í nokkur umdæmi, sem hafa svo innan sinna vébanda mismargar heilsugæslustöðvar. Í samræmi við það sem áður hefur verið sagt hlýtur skipulag sjúkraflutninga að vera með sama hætti. Þannig fer starfssvæðið eftir læknishéruðum, umdæmum og staðsetningu heilsugæslustöðva og sama er að segja um yfirstjórn sjúkraflutninganna og ábyrgð á framkvæmd þeirra. M.ö.o. þjónustusvæði sjúkrabifreiða og stjórn þess skal fylgja ríkjandi reglum um heilsugæslusvæði. Víða getur verið þörf á samræmingu í flutningum og sumstaðar þarf ef til vill að hagræða starfssvæði eftir landsháttum. Einnig kemur til greina að heilsugæslustöð og sjúkrahús eða tvær eða fleiri heilsugæslustöðvar sameinist um sjúkraflutninga ef þannig stendur á og það telst vera hagkvæmt fyrir alla aðila.

Í reglugerð segir að skipulagðir sjúkraflutningar skuli vera með eftirfarandi hætti og er þar tekið mið af núverandi fyrirkomulagi.

1. Á vegum heilsugæslustöðva og/eða sjúkrahúsa.
2. Á vegum félagasamtaka sem hafa sjúkraflutninga að markmiði.
3. Á vegum opinberra stofnana.
4. Á vegum aðila sem vegna sérstöðu starfsemi sinnar þurfa að starfrækja sjúkraflutninga.

Gert er ráð fyrir að heilsugæslustöðvar geti gert samning við annan aðila um rekstur sjúkraflutninga ef nauðsyn krefur.

Það er álit Sjúkraflutningaráðs að megin reglan varðandi skipulag og rekstur skuli vera sú að sjúkrabifreiðar séu staðsettar við heilsugæslustöðvar og að sjúkraflutningamenn séu starfsmenn þeirra, ef ekki brunaverðir. Löng hefð er fyrir því að brunaverðir sinni þessum störfum. Annars konar fyrirkomulag er þó algengt. Séu sjúkraflutningamenn ekki starfsmenn heilsugæslustöðvar skal samt vera náið samstarf þar á milli eins og síðar verður vikið að. Sé um sjálfboðaliða að ræða skulu gerðar til þeirra sömu kröfur og til fastráðinna manna enda hafi þeir sama aðbúnað og eftir því sem hægt er sömu réttindi hvað stöður snertir og sömu möguleika til viðhaldsmenntunar. Það er álit Sjúkraflutningaráðs að sjúkraflutningar og lögreglustörf fari ekki vel saman en sé um lögreglumenn að ræða verði að skilja þessi störf alveg að.

Aðeins viðurkenndar sjúkrabifreiðar skulu notaðar til sjúkraflutninga.

Fjöldi sjúkraflutningamanna á hverjum stað skal miðast við að vinnuálag sé ekki óhóflega mikið en samt ekki meiri fjöldi en svo að tryggt sé að sjúkraflutningamenn fái nægilega starfsreynslu og að unnt sé að veita þeim öllum nægilega menntun í faginu. Í sumum tilfellum getur verið nauðsynlegt að takmarka fjölda sjúkraflutningamanna á viðkomandi stað og á það sérstaklega við þegar um mjög margar sjálfboðaliða hjálparsveita eða fastráðna starfsmenn er að ræða. Deildaskipting kemur þá stundum til greina.

Sjá þarf til þess að sjúkraflutningamenn fái þá þjálfun og kennslu á heilsugæslustöðvum sem nauðsynleg er talin til að þeir geti sinnt starfi sínu eins vel og unnt er. Þeim skal einnig séð fyrir upprifjunar- eða endurmenntunarnámskeiðum heima fyrir eða annars staðar að minnsta kosti tvisvar á ári, tvo til þrjá daga í senn. Það er á ábyrgð heilsugæslustöðvanna að tryggja þetta.

2.2. AÐSTAÐA SJÚKRAFLUTNINGAMANNA OG GEYMSLA SJÚKRABIFREIÐA.

Sjúkraflutningamönum skal búin aðstaða sem er aðskilin frá sjúkrabifreiðageymslu en þó nátengd henni eða í allra næsta nágrenni og helst í sama húsi eða viðbyggingu. Þar skal meðal annars vera eftirfarandi:

1. Gott ljós og góður hiti. Rafmagnsinnstungur.
2. Opnanlegir gluggar.
3. Skrifborð, stólar, skjalaskápur og sími.
4. Fataskápur fyrir klæðnað sjúkraflutningamanna og skófatnað.
5. Hreinlætisaðstaða, svo sem vaskur, salerni og sturta. Heitt og kalt vatn.
6. Legubekkur.
7. Þar sem um bundnar vaktir er að ræða en ekki stöðuga vinnu skal vera aðstaða fyrir tómstundir, útvarp, sjónvarp og eldhúskrókur.

Bifreiðageymsla skal vera svo rúmgóð að hún rúmi vel bifreið eða bifreiðar þær sem notaðar eru til sjúkraflutninga og þann búnað sem tengist þeim, þó hann tilheyri ekki föstum búnaði sjúkrabifreiðanna.

Bifreiðageymsla skal búin á eftirfarandi hátt:

1. Greinilega merkt að utan sem sjúkrabifreiðageymsla.
2. Dyraop svo stórt að stærstu sjúkrabifreiðar komist inn.
3. Létt skal vera og auðvelt að opna dyrnar.
4. Góð lýsing og upphitun.
5. Opnanlegir gluggar.
6. Góð loftræsting.
7. Vaskur með heitu og köldu vatni ásamt borði, svo hægt sé að þrífa og sótthreinsa þann búnað sem er í sjúkrabifreiðum.
8. Rennandi vatn, slanga, þvottakústur og niðurfall svo hægt sé að þrífa sjúkrabifreiðina inni.
9. Venjulegar jarðtengdar rafmagnsinnstungur ásamt innstungu til hleðslu rafgeyma bifreiða.
10. Skápur fyrir ýmsan búnað tengdan sjúkraflutningum.
11. Slökkvitæki og reykskynjarar.

2.3. HLÍFÐARFATNAÐUR.

1. Sjúkraflutningamönum skal séð fyrir hlífðarfatnaði til notkunar við sjúkraflutninga.
2. Öll ytri fót skulu bera merki sjúkraflutningamanna og merki rekstraraðila.
3. Hlífðarföt skulu einnig bera endurskinsmerki.
4. Sjúkraflutningamaður skal bera nafnspjald og stöðueinkenni.
5. Hlífðarfatnaður skal endurnýjaður eftir þörfum.
6. Hreinsun fatnaðar skal vera á kostnað vinnuveitanda.
7. Við val á hlífðarfatnaði skal gætt samræmingar og tekið mið af stærstu sjúkraflutningasveitum landsins.

Hlífðarfatnaður skal vera auðkenndur og tvískiptur:

1. Jakki til að nota í sjúkraflutningum.
2. Skyrta.
3. Svartar buxur.
4. Svertir sokkar og skór.
5. Dökk peysa til notkunar innan undir jakka í köldum veðrum.
6. Síð mittisúlpa (niður á lendar) til notkunar yfir veturninn.
7. Vinnugalli.

2.4. SKÝRSLA UM SJÚKRAFLUTNINGA.

**SKÝRSLA UM SJÚKRAFLUTNING
SJÚKRAFLUTNINGARÁÐ**

Nr: _____

Rekstraraðili: _____	Beiðni móttakin: _____
Hvenær skal flutt: Dags. _____ Kl: _____	<input type="checkbox"/> Forgangur <input type="checkbox"/> Án forgangs
Nafn sjúklings: _____	Kennitala: _____
Hvaðan skal flutt? _____	Sími: _____
Hvert skal flutt? _____	
Komið til baka kl. _____	<input type="checkbox"/> Ógreitt <input type="checkbox"/> Greitt kr. _____
Hver bað um sjúkrabifreið? _____	<input type="checkbox"/> Læknir. <input type="checkbox"/> Starfsfólk sjúkrahúss. <input type="checkbox"/> Lögregla. Annað _____
Sjúklingur kom í bifreið kl.: _____	Sjúklingur yfirgaf bifreið kl.: _____
Hvaðan var flutt? _____	<input type="checkbox"/> Heimili <input type="checkbox"/> Vinnustaður <input type="checkbox"/> Utanhúss <input type="checkbox"/> Skóli <input type="checkbox"/> Samkomustaður <input type="checkbox"/> Brunaútkall <input type="checkbox"/> Flugvél <input type="checkbox"/> Sjúkrahús / heilsug. Annað _____
Hvers vegna var flutt? _____	<input type="checkbox"/> Umferðarslys <input type="checkbox"/> Annarskonar slys <input type="checkbox"/> Veikindi Annað _____
Hvert var flutt? _____	<input type="checkbox"/> Heimili <input type="checkbox"/> Sjúkrahús / heilsug. <input type="checkbox"/> Flugvél Annað _____
Ástand sjúklings. _____	<input type="checkbox"/> Borinn í körfuna / á börurnar. <input type="checkbox"/> Meðvitundarlaus <input type="checkbox"/> Sængurkona. <input type="checkbox"/> Fæðing. <input type="checkbox"/> Hjartatilfelli. <input type="checkbox"/> Sjúklingur sýnilega mikið veikur / slasaður. Annað _____
Gert í sjúkrarými. _____	<input type="checkbox"/> Purfti að gefa súrefni. <input type="checkbox"/> Purfti að veita öndunaraðstoð. <input type="checkbox"/> Purfti að nota sog. <input type="checkbox"/> Purfti að beita hjartahnoði / rafstuði. <input type="checkbox"/> Purfti að nota spelkur. Annað _____
Hverjir fóru í flutninginn? _____	
Sjúkrabifreið númer _____	Eknir kílómetrar _____
Athugasemdir: _____	Vakt _____

2.5. SAMNINGAR UM SJÚKRAFLUTNINGA.

Rekstur og skipulag sjúkraflutninga skal miðast við þær kröfur sem gerðar eru í stöðlum um flutningatæki og reglum um sjúkraflutninga.

Upplýsingar um eftirfarandi atriði skulu fylgja sérhverri umsókn um leyfi til sjúkraflutninga og vera innifaldar í samningum heilsugæslustöðva við aðra rekstraraðila.

1. Þjónustusvæði.
2. Eignaraðild sjúkrabifreiða/r.
3. Rekstrarfyrirkomulag.
4. Kaup og endurnýjun á sjúkrabifreið/um.
5. Ráðning og launakjör sjúkraflutningamanna.
6. Launagreiðandi.
7. Vaktafyrirkomulag og fjöldi sjúkraflutningamanna.
8. Útkallskerfi.
9. Starfsaðstaða.
10. Menntun og endurmenntun.
11. Bifreiðageymsla. Stærð, staðsetning og lýsing a.ö.l.
12. Hlífðarfatnaður sjúkraflutningamanna.
13. Samningstími, uppsögn og endurnýjun samnings.
14. Umsögn viðkomandi héraðslæknis.

Viðauki 1.

EFTIRLITSLISTI FYRIR SJÚKRABIFREIÐAR:

1. LISTI YFIR BÚNAÐ BIFREIÐAR.
3. LISTI YFIR BJÖRGUNARÁHÖLD.

2. LISTI YFIR VERKFÆRI.
4. LISTI YFIR BÚNAÐ Í SJÚKRARÝMI.

STADUR: _____

DAGSETNING: _____ SJÚKRABIFREIÐ: _____

EFTIRLITIÐ FRAMKVÆMDI: _____

SJÚKRAFLUTNINGARÁÐ 1989. SAMANBER REGLUGERÐ NR. 503/1986.

LEIÐBEININGAR: Yfirsara skal bifreiðina og búnað hennar minnst einu sinni í mánuði. Gangið úr skugga um að bifreiðin og allur búnaður hennar sé alltaf hreinn og tilbúinn til notkunar. Eftir hvern sjúkraflutning skal skifta um rúmföt í sjúkrabörum, þrífa allan búnað sem notaður hefur verið og endurnýja þann einnota búnað sem óhreinkast hefur. Hlaða skal súrefnishylki eftir því sem þörf er á og skifta um vatn í rakaglassi súrefnistækja. Að hausti skulu sett undir snjódekk, prófað frostþol kælivatns og keðjur athugaðar.

VÉL:	Í LAGI	Í ÓLAGI
Olíuskifti:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Kælivatn á vél:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Olíuhæð í sveifarhúsi:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Olíuhæð á sjálfskiftingu:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Vökvhæð á vökvastýri:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Vökvhæð í rafgeymum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hleðsla á rafgeymum:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Reimar heilar og strektar:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Olíuleki frá bifreið?	JÁ <input type="checkbox"/>	NEI <input type="checkbox"/>
Vatnsleki frá bifreið?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

LJÓS OG HLJÓÐ:	Í LAGI	Í ÓLAGI
Dagljósabúnaður	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ökuljós:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Háljós:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Stefnlujós:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Bremsuljós:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Aðvörunarljós innan á afturhurð:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hvit ljós að aftan:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hvit ljós á vinstri hlið:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hvit ljós á hægri hlið:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Aðvörunar-blikkljós:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hljóð:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hátalari:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

VERKFÆRI:	JÁ	NEI
Kúbein:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Slaghamar:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hamar:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Meitill:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Skiftilykill:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Skrúfjárn:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Stjörnuskrúfjárn:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Járnsög:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Járnsgarblöð:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Stingsög:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Krafttöng:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Bittöng:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Tjakkur:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Felgulykill:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

HJÓLBARDAR:

Loftþrýstingur í hjólbörðum að aftan _____ bar?
 Loftþrýstingur í hjólbörðum að framan _____ bar?
 Loftþrýstingur í varahjólbarða _____ bar?
 Hjólbardar eru: heilir hálfslitnir mjög slitnir

HAUST:

Í LAGI	Í ÓLAGI	
Vetrardekk:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Keðjur:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Frostþol kælivatns:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Rafhlöður í luktum:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

ELDSNEYTI:

Staða eldsneytisgeymis:
 Staða varaeldsneytisgeymis:

1/1 3/4 1/2 1/4

Í LAGI

Sumardekk:

BJÖRGUNAR- OG ÖRYGGISBÚNAÐUR:

	JÁ	NEI
Alhlíða slökkvitæki:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Beltahnífur:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Atgeir:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Handlukt:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Rafgeymatöng:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Kastari með 15 m. snúru:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Mannbroddar:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Líflína:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Öryggishjálmar 2 st.:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Færanlegt gult, blikkandi aðvörunarljós:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Aðvörunarþríhyrningur:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Endurskinsvesti:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Dráttartaug:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Startkaplar:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Keðjur:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Trékubbar:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Öxi:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Freyðivökvi í hjólbardá:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Handblys:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Neyðarskot:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Veifur:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Skófla:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

ANNAR BÚNAÐUR:

	JÁ	NEI
Vegakort:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Tvennir hanskar:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hlíffarföt:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Leiðbeiningar um móttöku þyrlu:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Áhaldalisti og reglur um eftirlit:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Hér er eingöngu átt við þann búnað sem að staðaldri er geymdur í skápum í sjúkrarými bisfreiðarinnar.
Ekki er átt við búnað sem geymdur er í töskum.

BÚNAÐUR Í SKÁPUM SJÚKRARÝMIS:

Hér er ekki átt við búnað í töskum.

	JÁ	NEI
Blástursbelgur:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Maskar mism. stærðir:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Kokrennur börn/full.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Tunguspaðar:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Pennaljós:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Augnskolumarglas:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Blóðþrýstingsmælir:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Mannséttur mismunandi stærðir:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Barkaljós fyrir börn og fullorðna:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Barkaslöngur mismunandi stærðir:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Leiðari:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Sprautur:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Nálar:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Vökvasett:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Beisli:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hlustunarpípa:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Æðatöng;	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Magilltöng:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Stór skæri:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Lítill skæri:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Þríhyrnur:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Sárabögglar:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Bindi:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Grisjur:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Nælur:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Plástrar:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Dúkalök:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Bleyjur:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Bréfþurrkur:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Einnota hanskur:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Sóttvarnargrímur:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Snarvöndull/stasi:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Plastpokar:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ál- og brunateppi:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Teppi 4 st.:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Fæðingarböggull:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Þvagflaska:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Bekja / bekken:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Nýrnabakkar:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

TÖSKUR:

	Í BIFREID	TILTÆKAR
Lyfjataska:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Neyðartaska:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Sárataska:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

BÚNAÐUR Í SJÚKRARÝMI:

Hér er ekki átt við búnað í töskum.

	Í LAGI	Í ÓLAGI
Sjúkrabörur:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Varasjúkrabörur:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Rúmföt í sjúkrabörur:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Rúmföt í varasjúkrabörur:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Öryggisbelti fyrir sjúkrabörur:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Öryggisbelti fyrir hjálparmenn:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Vatnsbrúsi með 5 lítra af vatni:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Vatn í rakaglassi súrefnistækja:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Prýstingur í súrefnishiþykjum:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Prýstingur í súrefnis-hylki í neyðartösku:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Súrefnistæki og búnaður:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Sog og búnaður:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Innstungur 220 v:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ljós í sjúkrarými:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hjartastuðtæki:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	JÁ	NEI
Útlimaspelkur mismunandi stærðir:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hálskragar mismunandi stærðir:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hrygg- og hálsspelka:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Skröpur:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Höfuðpúðar og ólar á skröpur:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Sandpúðar:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hjartahnoðsfleki:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

FJARSKIPTI:

	Í LAGI	Í ÓLAGI
Farsími:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Talstöð:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	JÁ	NEI
Símaskrá:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Neyðarskrá:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Viðauki 2.

Arsskýrsla um sjúkraflutninga.

Rekstrar/framkvæmdaadilsjúkraflutninga.

Arið: <input type="text"/>	Hjónustusvæði. <input type="text"/>	Ibúafjöldi. <input type="text"/>
----------------------------	-------------------------------------	----------------------------------

Flutningafjöldi.

<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
----------------------	----------------------	----------------------

Forgangsflutningar.

Flutningar án forgangs.

Eknir km. alls. Km. í flutningi. Km. í annað.

<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
----------------------	----------------------	----------------------

Hve oft báðu eftirtaldir aðilar um sjúkraflutning?

Læknir. Sjúkrah./heilsug. Lögregla. Aðrir.

<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
----------------------	----------------------	----------------------	----------------------

Timi sjúklingsi bifreið

Lengsti timi. Stysti timi. Meðaltimi.

<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
----------------------	----------------------	----------------------

Hve oft var flutt frá eftirtöldum stóðum?

Heimili. Vinnustaðir. Utanhúss. Skólar. Flugvélar.

<input type="text"/>				
----------------------	----------------------	----------------------	----------------------	----------------------

Samkomustaðir. Brunastaðir. Sj. hús/heilsug. Aðrirstaðir

<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
----------------------	----------------------	----------------------	----------------------

Hve oft voru eftirtaldar orsakir ástæða fyrir sjúkraflutningi?

Umferðarslys. Annarskonar slys.

<input type="text"/>	<input type="text"/>
----------------------	----------------------

Veikindi.

Aðrar ástæður

Hve oft var flutt til eftirtalda staða?

Heimilis Sjúkrah./heilsug. Flugvélar. Aðrirstaðir.

<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
----------------------	----------------------	----------------------	----------------------

Sjúkraflutningamenn.

Fjöldi árslok.

<input type="text"/>

Fjöldimeð meirapróf.

<input type="text"/>

Hve oft var ástand sjúklings með eftirtöldum hætti?

Borinn á bórum. Meðvitundarlaus. Sængurkona. Fæðing. Hjartarlfelli.

<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
----------------------	----------------------	----------------------	----------------------

Mikið veikur/slasaður.

<input type="text"/>

Annað.

Hve oft þurfti að nota eftirtaldan búnað i sjúkrarými?

Sürefnisgjöf. Öndunaraðstoð. Sog. Hjartahn./rafst. Spelkur. Annarbúnaður.

<input type="text"/>					
----------------------	----------------------	----------------------	----------------------	----------------------	----------------------

Bifreið 1.
Tegund

<input type="text"/>

Bifreið 2.
Tegund

<input type="text"/>

Bifreið 3.
Tegund

<input type="text"/>

Bifreið 4.
Tegund

<input type="text"/>

Skráningarnúmer

<input type="text"/>

Skráningarnúmer

<input type="text"/>

Skráningarnúmer

<input type="text"/>

Skráningarnúmer

<input type="text"/>

Eknir km.

<input type="text"/>

Eknir km.

<input type="text"/>

Eknir km.

<input type="text"/>

Eknir km.

<input type="text"/>

Fjöldi flutninga

<input type="text"/>

Fjöldi flutninga

<input type="text"/>

Fjöldi flutninga

<input type="text"/>

Fjöldi flutninga

<input type="text"/>

Eigendur sjúkrabifreiða.

<input type="text"/>

Rekstraraðilar sjúkrabifreiða

<input type="text"/>

Launagreiðendur.

<input type="text"/>

Dagsetning.

<input type="text"/>

Undirskrift.

<input type="text"/>

Sjúkraflutningaráð